

23.04.2023 (#2 2023-2024) kl. 17:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Margrét Ágústsdóttir, Sveinn Símonarson, Margrét J. Magnúsdóttir, Katrín Pálsdóttir, Hildur Andrjesdóttir og Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritar fundargerð, en Sædís Jónsdóttir var fjarverandi. Þá sátu José Júlio og Geir Ómarsson verkefnastjóri fundinn.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Keppnistímabil 2023
3. Tímatökugjald: Tilboð fyrir tímatökubúning og þátttaka ÞRÍ í kostnaði
4. Keppnisreglur – uppfærsla
5. Unglingaþríbraut
6. Nefndarvinna
7. Stefnumótun
8. Formannafundur
9. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðustu fundar og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt.

2. Keppnistímabil 2023

Næst á dagskrá er umfjöllun um komandi keppnistímabil. Verið er að skoða hvort keppni geti farið fram á Selfossi í stað Kjós og José og Geir fóru til Selfoss um páskana og kíktu á aðstæður. Þeir bíða eftir viðbrögðum frá Selfossi en komið í ferli.

Fyrsta þríbrautarkeppni sumarsins er sprettbraut í Kópavoginum í byrjun maí og á morgun er á dagskrá fundur til að stilla saman strengi fyrir keppnistímabilið. Búið að finna yfirdómara fyrir allar keppnir sumarsins nema fyrir keppnina á Selfossi.

Von er á staðfestingu á næstu dögum um hvort Norðurljósakeppnin fari fram.

3. Tímatökugjald: Tilboð fyrir tímatökubúning og þátttaka ÞRÍ í kostnaði

Umræða fer fram um aðstoð við félögin og að ÞRÍ hafi undanfarið aðstoðað með því að borga tímatökubúnað fyrir keppnir. Þetta hefur verið um 110.000 kr á keppni. Geir fékk tilboð frá Tímatöku nú fyrir þetta tímabil og það reyndist rétt aðeins ódýrara en í fyrra eða um 100.000 kr.

Fram kemur í umræðum að félögin þurfa meiri hjálp frekar en minni þegar kemur að keppnishaldi.

Geir ber fram hugmynd um hvort ÞRÍ ætti að setja skilyrði að fá styrkinn þannig að félögin þurfi að halda unglingsþraut samhliða keppni til að hljóta styrkinn. Eftir umræðu er borin fram breytingartillaga um að hvetja (í stað þess að skylda) félögin til að halda unglingsþraut samhliða keppni.

Samþykkt.

4. Keppnisreglur – uppfærsla

Geir hefur umræðu um þörf fyrir uppfærslu á keppnisreglum. Á síðasta stjórnarfundum ÞRÍ var rætt um breytingar varðandi fyrirkomulag byrjendaflokks og þá voru einnig önnur atriði í keppnisreglum sem voru orðin úrelt. Stjórn samþykkir að Geir uppfæri keppnisreglur í samræmi við umræðu síðasta fundar og að þær verði birtar áður en Kópavogsprautin verði auglýst.

5. Unglingsþríþraut

Þríþrautardagur unglinga var haldinn í dag og voru 9 unglingar skráðir til þátttöku (8 stelpur og 1 strákur). Dagurinn er hugsaður sem kynningardagur á þríþraut fyrir unglinga á aldrinum 13 til 19 ára (árgangar 2004 til 2010). Tilgangur þríþrautardagsins er að kynna þríþraut og greinarnar þrjár, sund, hjól og hlaup fyrir þátttakendum með skemmtilegum og fjölbreyttu æfingum við allra hæfi. 8 mættu og gekk dagurinn mjög vel. Ragnar Guðmundsson sá um daginn ásamt unglingsþjálfurum frá þríþrautarfélögum og kemur til með að skila skýrslu inn til stjórnar fyrir næsta fund.

Næst fer fram umræða um mögulegan styrk ÞRÍ vegna kostnaðar þátttakenda á World Triathlon Multisport Championship Ibiza nú í sumar en tvær stelpur stefna á þátttöku. Búningurinn kostar 179 EUR á mann og aðgangurinn 110 EUR á mann. Tillaga hvort ÞRÍ sé tilbúið að borga aðgang og búning fyrir keppendur.

Samþykkt

Síðasta sem tekið er fyrir undir þessum lið er það góða starf sem Ragnar Guðmundsson hefur unnið. Fram kemur að hann hafi áhuga á að vera áfram og ánægja er með hans störf. Stjórn samþykkir að Margrét og Valeríe skoði fjármál og að þetta verði rætt frekar á næsta fundi.

6. Nefndarvinna

Næst er á dagskrá umræða um hvernig nefndarstörf ganga og farið er yfir stöðuna í eftirfarandi nefndum.

Dómaranefnd

Margrét Magnúsdóttir fer yfir stöðuna í dómaranefndinni. Nefndin hittist nýlega á fundi og fór yfir sumarið. Mikill áhugi og alls mættu 6 dómarar á fundinn. Gerðu fundargerð sem verður send á stjórn ÞRÍ. Ætlunin er að útbúa dómaraskýrsla eftir hverja þraut og búið er að manna allar keppnir sumarsins. Þá verða uppfærðar keppnisreglurnar tilbúnar í janúar á næsta ári.

Mótanefnd

Geir fer yfir stöðuna í mótanefnd. 4 komnir í nefndina, þeir Geir, José, Hlöðver og Richard. Nefndin á eftir að klára skipulag starfsins en frekari fréttar er að vænta á næsta fundi.

Afreksnefnd

Sædis er enn í Kaupmannahöfn en Sveinn og Geir ætla að fara aðeins yfir stöðuna í næstu viku.

Útbreiðslunefnd

Katrín tilkynnir að hún sé búin að fá Sigurlaugu Helgadóttir og Sigurð Örn Ragnarsson í nefndina og Ragnar Guðmundsson verður líklega með einnig. Stefnt að því að funda annan hvern mánuð í framhaldinu.

7. Stefnumótun

Stefnumótunarvinna er hafin og hittust Katrín, Ragnar Fjalar og Geir fyrir um tveimur vikum og lagt var upp með mánaðarlega fundi í framhaldinu. Geir lagði til að ÞRÍ fengi utanaðkomandi hjálp til að tryggja stöðugan framgang verkefnisins.

Samþykkt

8. Formannafundur

Umræða fer fram um formannafundi en þeir hafa verið haldnir tvisvar sinnum á ári og ræddir eru kostir og gallar þess að hafa fundinn í persónu eða í formi fjarfundar. Geir að vinna í fundarboðun og líklega verður fundurinn næstkomandi þriðjudag kl 20 í formi fjarfundar.

9. Önnur mál

Markaðsmál

Geir kallar eftir því að gerður verði samningur við einhverja markaðsstofu til að auka faglegt markaðsstarf ÞRÍ. Það er brýnt að ná til fólks sem hefur áhuga á að stunda þrípraut nú í sumar til að auka nýliðun í félagunum. Mikilvægt að ÞRÍ styðji við félögin í þessari vinnu. Stjórnarfolk tekur undir þetta. Útbreyðslustyrkur er til staðar og tillaga kemur fram um hvort hægt sé að nota hluta af honum í markaðsstarf.

Samþykkt

13. júní 2023

Úrslit og myndir

Margrét Magnúsdóttir nefndi að hætta væri á að gögn gætu glatast af vef Þríkó og brýnt væri að færa þessi gögn yfir á vef ÞRI. Geir sagði að þetta mál væri í farvegi og að gögn væru að berast, en þetta gengi hægt. Hann ætlar að ýta á eftir gögnunum.

Sama gildir um myndir frá keppnum, en þær eru á víð og dreif. Umræða fór fram um mikilvægi þess að koma myndum á einn miðlægan stað.

Samþykkt er að halda umræðu áfram á næsta fundi

Dómarar á mót erlendis

Margrét Magnúsdóttir fer yfir áhuga dómara á að dæma á mótum erlendis og sækja frekari menntun. 3 dómarar stefna á að fara til Bergen í ágúst og dæma 2023 World Triathlon Cup Bergen. Þá hafa Margrét Ágústsdóttir og Margrét J. Magnúsdóttir áhuga á að fara á næsta ári.

Margrét Ágústsdóttir, Margrét J. Magnúsdóttir og Jón Oddur hafa áhuga á að taka næsta stig í dómaramenntun.

Fundi slitið kl. 18:13

Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnarfund: 11. júní 2023.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarinn og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.